

Árt.4.LH.Samfélagsgreinar

Kennarar: Lára Hálfanardóttir

Lýsing

Námslota fyrir samfélagsfræði í 4.bekk.

Markmið með þessari lotu er að:

Vinna samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Ártúnsskóla í samfélagsfræði.

Námsgögn sem við notum:

- Komdu og skoðaðu land og þjóð
- Komdu og skoðaðu himingeiminn
- Komdu og skoðaðu húsdýrin
- Könnun kortin 2
- Ýmsir kennsluvefir
- Kortabækur
- Trúarbrögðin okkar
- Birtan

Listaverkabækur og myndlistarvefir

Kennsluhættir í lotunni:

Hringekja í náttúrufræði og samfélagsfræði með 2. og 3. bekk

Á 1. önn er þemað Ísland – land og þjóð

Á 2. önn er þemað Himingeimurinn

Á 3. önn er þemað Húsdýrin

☐Gildin okkar: árangur, virðing og vellíðan

☐Leikir, fundir, nudd, klemmuvinir,

☐Umsagnabækurnar ath. líðan og stöðu

Nemendur kynnast frægum listamönnum og verkum þeirra.

Útikennsla, grenndarskógur, tilraunir, vettvangsferðir, Grænfánaverkefni,

Heilsuefandi skóli: hlaupum hringinn, göngum í skólann (átak frá 4.sept.-2.okt.), badminton eftir áramót

Hópavinna

Einstaklingsvinna

Paravinna

Samvinnunám

Verkleg vinna

Rökræður

Umræður

Þrautalausnir

Bein kennsla

Námsleikir

Sköpun

Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Þemanám

Útinám

Námsmat:

-símat

-leiðsagnarmat

-sjálfsmat

-jafningjamat

-endurgjöf í tímum: leiðbeiningar, hvatning og hrós

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu.
- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.
- Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.
- Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.
- Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.
- Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi
- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.
- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni

- Komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.
- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.
- Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.
- Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
- Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.
- Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.
- Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu.
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.

- Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.
- Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.
- Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.